

21. október 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Þann 10. júlí 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Jeratún ehf. með sér sátt vegna brots Jeratúns ehf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Jeratún ehf., sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl, með því að hafa skilað lista yfir fruminnherja tæpum 17 mánuðum of seint til Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt að hafa aldrei skilað lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum síðan rafrænt skyrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins var tekið í notkun í desember 2006.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 600.000,-.